

A 1813

Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit norrænu sjálfbærninefndarinnar um þingmannatillögu
um örplast í líkamanum (A 1813/holdbart)

Tillaga

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna um

að rannsaka í hve miklu magni örplast berst í líkamann

að rannsaka áhrif örplasts sem berst í líkamann

Bakgrunnur

Rannsóknir hafa sýnt að örplast er að finna alls staðar í kringum okkur. Sem betur fer leiddi vinna í tengslum við tilmæli 14/2018 í ljós að plastagnir berast ekki í líkamann í gegnum drykkjarvatn.

Á hinn bóginn vitum við enn ekki í hve miklu magni örplast berst í líkamann. Ekki er heldur vitað hvaða efni berast í líkamann af völdum örplastmengunar. Því viljum við til að byrja með að norrænu löndin hefji rannsókn á umfangi örplastsmengunar og áhrifum hennar.

Í kjölfarið kann að vera þörf á rannsókn á því með hvaða hætti örplastsmengun berst í líkamann.

Nefndin fjallaði um tillöguna í fyrsta sinn á fundi sínum 29. janúar 2020 þar sem hún samþykkti einróma að vinna áfram með tillöguna og senda velferðarnefnd Norðurlandaráðs tillöguna til umsagnar. Nefndin ákvað einnig að bjóða sérfræðingi á næsta nefndarfund og í því sambandi einnig norrænu velferðarnefndinni.

Nefndin hélt örmálþing um örplast ásamt norrænu velferðarnefndinni örmálþing um örplast hinn 15. september. Til fundarins var boðið vísindamanni sem þekkingu hefur örplasti í sjó og fiskum og vísindamanni með þekkingu á örplasti í matvælum, lofti og jörðu.

Álit nefndarinnar

Nefndin hefur skráð hjá sér að örplast er algengt í umhverfinu og í sumum þeirra matvæla sem menn neyta, þar á meðal fiski og skelfiski. Örplast er að finna í loftinu sem við öndum að okkur, umhverfi okkar og í hafinu. Örplast er meðal annars til komið vegna slits á hjólbörðum og veiðarfærum. Einnig er það rakið til textílefna og



niðurbrots á plasti sem endar í náttúrunni og hafinu. Örplast í hafinu er algengt og er um vaxandi vanda að ræða. Rannsóknir sýna að örplast hefur neikvæð áhrif á sjávardýr og viskterfi. Nefndin skráði einnig hjá sér að enn skorti þekkingu á heilsufarslegum afleiðingum þess að menn komist í tæri við örplast og er sammála vísindamönnum um að þörf sé á þróun aðferða og frekari rannsóknum á þessu sviði. Norræna sjálfbærninefndin telur þetta afar brýnt málefni og var einhuga um að styðja þingmannatillöguna um örplast í líkamanum.

Í umsögn norrænu velferðarnefndarinnar kemur fram að „Norræna velferðarnefndin þakkar samráðið og fagnar fundi með sérfræðingum um örplastefni í líkamanum. Nefndin leggur sérstaklega til að vísindamönnum með þekkingu á örplastefnum í hafinu og sjávardýrum verði boðið á fundinn.“ Í tengslum við fund nefndarinnar 15. september hélt nefndin ásamt norrænu velferðarnefndinni örmálþing um örplast.

Norðurlöndum, 27. október 2020

Anders Kronborg (S)

Anna-Kaisa Ikonen (saml)

Cecilie Tenfjord-Toftby (M)

Doris Jensen (S)

Emilia Töyrä (SD)

Ingalill Olsen (A)

Ketil Kjenseth (V)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Magnus Ek (C)

Mette Hjermand Dencker (DF)

Ole André Myhrvold (SP)

Rebecka Le Moine (MP)

Simon Holmström (HI)

Sofia Geisler (IA)

Staffan Eklöf (SD)

Thomas Jensen (S)

Vilhjálmur Árnason (Sj.)